

Reglur um afslátt af fasteignaskatti og holræsagjaldi hjá Sveitarféluginu Ölfusi.

**Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti og holræsagjaldi
hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Sveitarféluginu Ölfusi 2023.**

1. grein.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Sveitarféluginu Ölfusi er veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Ölfuss ár hvert og reglum þessum sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. grein

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Sveitarféluginu Ölfusi sem búa í eigin íbúð og:

- a) eru 67 ára á árinu eða eldri.
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir upphaf álagningarárs.
- c) hafa ekki leigutekjur af viðkomandi húsnæði.
- d) hafa ekki fullvinnandi einstakling/einstaklinga aðra en maka búsetta á heimilinu.

Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í.

3. grein.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr. Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða að eign sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr. er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr. í samræmi við eignarhluta þeirra.

4. gr.

Afsláttur er tekjutengdur.

Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali.

Til tekna teljast bæði launatekjur og fjármagnstekjur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

Tekjur einstaklinga árið 2022	Tekjur hjóna árið 2022	Niðurfelling
Allt að 5.180.000	Allt að 6.860.000	100%
Milli 5.180.001 – 5.800.000	Milli 6.860.001– 7.810.000	75%
Milli 5.800.001 – 6.410.000	Milli 7.810.001– 8.760.000	50%
Milli 6.410.001 – 7.010.000	Milli 8.760.001 – 9.710.000	25%
Yfir 7.010.001	Yfir 9.710.001	0%

5. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er heimilt að víkja frá 2. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs.

Hér er einkum átt við sérstök tilvik s.s.:

- a) þegar maki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega.
- b) ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.
- c) einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í allt að 3 ár hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun en eiga áfram íbúð sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmennum.

6. gr.

Afsláttur samkvæmt 3. gr. til ellilífeyrisþega skal reikna við álagningu og er birtur á álagningarseðli.

Örorkulífeyrisþegar fá afslátt samkvæmt 3. grein gegn framvísun örorkuskírteinis.

7. gr.

Bæjarstjórn Ölfuss endurskoðar tekjumörk í janúar ár hvert.